

Halldór Halldórsson (kt. 200764-4059), bæjarstjóri f.h. Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sem leigusali, og Guðjón Svarfdal Brjánsson (kt. 220355-3659), Gunnhildur Gestsdóttir (kt. 080761-2959) og Albert Marzelíus Högnason (kt. 240960-2229), sem leigutakar gera með sér svo felldan

## GRUNNLEIGUSAMNING

### 1. grein

Leigusali selur leigutaka á leigu 731 fermetra lóð fyrir fjöleignahús að Sundstræti 22 (landnr. 138778), Ísafirði, skv. meðfylgjandi mæliblaði dags. 24. apríl 2001, og skal hún leigð með þeim kjörum sem fyrir er haft í eftirfarandi greinum:

### 2. grein

Lóðin skal látin á leigu til 99 ára og sé leigutaka heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn, einan sér með þeim réttindum, sem lóðinni fylgja eða ásamt húsum og mannvirkjum á lóðinni. Réttindi hvernar eignar í húsinu til lóðarinnar skal vera í samræmi við ákvæði fjöleignahúsalaga. Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefur undirgengist gagnvart lóðareigenda með leigusamningnum.

### 3. grein

Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa sem lögð eru, eða kunna að verða á hina leigðu lóð. Leigutaki greiðir kostnað við þinglestur á leigusamningi.

### 4. grein

Ársleiga af lóðinni skal vera 3,0% - þrjú af hundraði - af fasteignamati lóðarinnar, eins og ákveðið er á hverjum tíma. Leigan er háð þeim ákvörðunum bæjarstjórnar sem í gildi eru á hverjum tíma, þó aldrei hærri en 5% - fimm af hundraði af fasteignamati lóðarinnar. Leiguna skal greiða á skrifstofu bæjarstjórnar á Ísafirði og eru gjalddagar 12. janúar 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl og 1. maí ár hvert, fyrir árið sem fer í hönd, eða skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga reiknast dráttarvextir 1. hvers mánaðar þar á eftir, eða skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Dráttarvextir skulu reiknast eins og þeir eru á hverjum tíma. Fyrir lóðarleigunni og dráttarvöxtum er lögtaksréttur skv. lögum frá 16. desember 1885. Leigutaki og veðhafi eru skildir að hlíta því, er í lög verða sett ákvæði að leiga gangi á undan veðskuldum, sem á eigninni hvíla.

### 5. grein


Vilji bæjarstjórnin ekki að loknum leigutíma leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi, að láta hús, sem þá eru á lóðinni, standa þar áfram skal bæjarstjórnin greiða leigutaka sannvirði mannvirkja eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands þeirra.


### 6. grein

Af samningi þessum skulu gerð þrjú samrit og heldur hvor aðili sínu eintaki og eitt til þinglýsingar.

Ísafirði, 10. maí 2001


Vottar að dagsetningu, fjárræði og undirskrift aðila:


  
 280852-2019


  
 28106846619

f.h. Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar,

  
 Bæjarstjórnin  
 Ísafjarðarbær

  
 sem leigutaki

  
 sem leigutaki

  
 sem leigutaki



BYGGINGARFULLTRUINN  
Ísafirði

Ísafjarðarbær  
Tæknideild  
Mæliblað

Sundstræti 22, Ísafirði  
Landnúmer: 138778  
Lóðarstærð: 731 fm

Mælikvarði: 1:500  
Ísafirði, 9. maí 2001  
Mælt:  
Samþykkt:  
Teiknað:

Blad nr:  
**01**

A-00480/2001

Skjal nr. Móttekið til þinglýsingar 14 MAI 2001 Frumrit stjimplað með kr. 26.040.
---

INNFÆRT

14 MAI 2001

